

Ed.

317. Frumvarp til laga

[173. mál]

um verkfræðipjónustu á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Flm.: Alexander Stefánsson, Steingrímur Hermannsson.

1. gr.

Óski landshlutasamtök sveitarfélaga að koma á fót verkfræðipjónustu í viðkomandi landshluta, sbr. 2. gr., sem þau hyggjast starfrækja á eigin vegum eða í samvinnu við starfandi verkfræðinga eða aðra aðila, skal ríkisvaldið veita aðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar starfsemi, eins og segir í lögum þessum, enda sé viðunandi verkfræðipjónusta að öðrum kosti ekki fáanleg í þeim landshluta.

2. gr.

Verkfræðistofur á vegum landshlutasamtaka skulu hafa í þjónustu sinni verkfræðinga, tæknifræðinga og annað starfslíð í því skyni að veita sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum í landshlutanum þá verkfræðipjónustu, sem fært þykir, sem og opinberum framkvæmdaaðilum, enda er þeim skylt að leita þjónustu slíkra verkfræðistofa, eins og frekast er unnt, við undirbúning og eftirlit með opinberum framkvæmdum. Enn fremur er heimilt að fela slíkri verkfræðistofu að vinna skipulagsstörf í viðkomandi landshluta í samráði við skipulagsstjórn ríkisins. Opinber framkvæmdaaðili, sem hefur á sínum vegum eigin starfsmann staðsettan í landshluta, skal fá aðstöðu fyrir slíkan starfsmann á verkfræðistofu, sem landshlutasamtök koma á fót samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Fyrir þá verkfræðipjónustu, sem veitt er, skal greiða samkvæmt viðurkenndri gjaldskrá fyrir slíka starfsemi.

4. gr.

Verði komið á fót verkfræðipjónustu, eins og um ræðir í þessum lögum, getur hún tekið að sér áætlanagerð fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins gegn hæfilegri greiðslu eftir samkomulagi aðila, enda greiði stofnunin þá sem svarar $\frac{3}{4}$ hlutum af ársláunum starfsmanns, sbr. lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, nr. 93 frá 24. desember 1971, 31. gr.

5. gr.

Ríkisvaldið veitir fjárhagsaðstoð við stofnsetningu og rekstur slíkrar verkfræðistofu, eins og hér segir:

1. 500 000 kr. vegna stofnkostnaðar, í eitt skipti fyrir öll, hverjum þeim landshlutasamtökum, sem koma á fót verkfræðistofu.
2. Ábyrgist greiðslu á hálfum hluta rekstrarhalla verkfræðistofu, en þó aldrei meira en nemur hálfum hluta af láunum og kostnaði við einn verkfræðing.

6. gr.

Landshlutasamtök, sem hyggjast koma á fót verkfræðipjónustu samkvæmt lögum þessum, skulu gera félagsmálaráðuneytinu grein fyrir fyrirætlun sinni og láta ráðuneytinu í té áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Rekstraráætlun skal árlega senda félagsmálaráðuneytinu, ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi fyrra árs. Skal rekstrarstyrkur sá, sem um ræðir í 5. gr., 2. lið, greiddur að fengnum slíkum ársreikningi.

Félagsmálaráðuneytið áætlað árlegan kostnað hins opinbera vegna stofnsetningar og rekstrar verkfræðipjónustu á vegum landshlutasamtaka og fær á fjárlögum hvers árs fjárveitingu í samræmi við það.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er hér endurflutt frá síðasta þingi, þar sem það varð ekki endanlega afgreitt. Í efri deild var það samþykkt og vísað samhljóða til neðri deildar með breytingum, sem flutningsmenn hafa nú tekið inn í frumvarpið óbreyttar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar skilaði samhljóða nefndarálit og mælti með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, er efri deild hafði samþykkt.

Flutningsmenn vænta þess, að þar sem þetta frumvarp fékk vandlega skoðun þingnefnda á síðasta þingi, fáiast það nú endanlega samþykkt sem lög á þessu þingi.

Með stöðugt vaxandi verklegum framkvæmdum veldur það sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum dreifbýlisins auknum erfiðleikum, óþægindum og kostnaði að þurfa að leita nánast því allrar verk- og tæknifræðipjónustu utan síns byggðarlags. Þær eru ekki ófáar ferðirnar, sem fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga þurfa að fara til höfuðborgarinnar til þess að fá gerðan nauðsynlegan undirbúning fyrir ýmiss konar framkvæmdir á vegum slíkra aðila. Verkfræðipjónusta staðsett í byggðarlaginu eða landshlutanum mundi spara ótalin skref og kostnað.

Einnig má ætla, að tæknimenn, sem búsettir eru í viðkomandi landshluta, fái smám saman ómetanlega yfirsýn og þekkingu á hinum ýmsu vandamálum og viðfangsefnum viðkomandi svæðis. Þannig geta þeir að ýmsu leyti veitt betri þjónustu en fánleg er hjá ókunnugum aðilum.

Allt það, sem nú hefur verið talið, o. fl. mælir með því, að hið opinbera stuðli á einhvern máta að því, að verkfræðipjónusta sé komið á fót í hinum ýmsu landshlutum, þar sem slík þjónusta er ekki fánleg nú. Þessu hafa þingmenn lengi gert sér grein fyrir, enda hafa verið lögð fram á Alþingi allmörg frumvörp um slíka verkfræðipjónustu. Í flestum tilvikum hefur verið gert ráð fyrir því, að hið opinbera komi á fót og starfræki slíka þjónustu. Í þessu frumvarpi er hins vegar farin nokkuð önnur leið. Er gert ráð fyrir því, að landshlutasamtök viðkomandi svæðis hafi veg og vanda af stofnsetningu og rekstri verkfræðipjónustunnar.

Landshlutasamtökum hefur alls staðar verið komið á fót, og hafa þau eflzt mjög verulega upp á síðkastið. Að þessu leyti hefur ástandið því breytzt, og virðist flutningsmönnum eðlilegra, að þau hafi veg og vanda af slíkri starfsemi, fremur en ríkisvaldið.

Hins vegar er vafasamt, að slík verkfræðipjónusta beri sig, a. m. k. fyrst um sinn. Því er nauðsynlegt, að hið opinbera hlupi undir bagga við stofnun og rekstur, þegar og þar sem nauðsynlegt reynist.

Fyrst og fremst mundi slík verkfræðipjónusta fá tekjur með greiðslum fyrir hin ýmsu verkefni, sem hún tekur að sér. Tryggja verður, að fyrir þau sé greitt skv. viðurkenndri gjaldskrá. Sömuleiðis er nauðsynlegt, að opinberir aðilar noti slíka þjónustu eins og þeir frekast geta. Vissulega getur í einstökum tilfellum verið um svo viðamikil og flókin verkefni að ræða, að slík verkfræðipjónusta eða stofa geti ekki sinnt þeim, en í flestum tilvikum ættu verkfræðingar eða tæknifræðingar á viðkomandi landssvæði að geta veitt ómetanlega þjónustu við undirbúning opinberra framkvæmda. Þetta er nauðsynlegt, að opinberir aðilar skilji og noti sér umrædda þjónustu eins og frekast er kostur á.

Vegagerð ríkisins hefur staðsett verkfræðinga á sínum vegum í landshlutum og sýnt þannig virðingarverðan skilning á því máli, sem hreyft er með þessu frumvarpi. Það er ómetanlegt fyrir slíkan starfsmann að hafa aðgang að víðtækari verkfræðistarfsemi.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins greiði $\frac{3}{4}$ hluta af launum starfsmanns, enda vinni hann að áætlanagerð fyrir stofnunina. Með þessu ákvæði er stefnt að aukinni tæknipjónustu í dreifbýlinu.

Í þessu frumvarpi er gerð tilraun til að efla slíka starfsemi, þannig að um alhliða þjónustu geti orðið að ræða.